

1867.  
15. júní.

afnot jarða þeirra á Íslandi, sem lagðar eru til guðspakka og nefndar eru kristfjárjarðir, og með konungsúrskurði 31. f. m., sem birtur er með auglýsing dómsmálastjórnarinnar 3. þ. m., var fallizt á uppástungur alþingis um kristfjárjarðir þær, sem það hafði tilgreint, allar nema Arnheiðarstaði í Norðurmúlasýslu og Sómastaði í Suðurmúlasýslu; í tilliti til þeirra virtist kirkju- og kennslustjórninni samkvæmt því, sem þær höfðuð skýrt frá í bréfi yðar til dómsmálastjórnarinnar dagsettu 3. októbermán. f. á., ekki nægar ástæður til að mæla fram með, að gjörðar væru ráðstafanir þær, sem alþingi hafði farið fram á. En með því að skýrsla yðar í tæðu bréfi ber með sér, að þar sem Arnheiðarstaðir samkvæmt konungsbréfi 21. febrúarmán. 1766 eru lagðir prestsekkju í Valþjófsstaðar brauði til ábúðar með því skilyrði, að hún haldi kristfjármann, en að afgangið af jörðinni, þegar engin ekkja er í brauðinu, skuli ganga til prestsins þar með því skilyrði, að hann annist kristfjármanninn, þá hefir farið svo, að presturinn á Valþjófsstað ávallt hefir haft umráð yfir jörðinni, og, eins og þar segir, látið afgangið og framfærslu kristfjármannsins fallast í faðma, en ábúandinn á heimajörðinni hefir aptur byggt hverja hjáleiguna um sig með 60 álna landskuld, og með því að slík notkun greindrar kristfjárjarðar ekki verður álitin samkvæm fyrirmælum konungsbréfsins 21. febrúarmán. 1766 — eruð þér beðnir að sjá um, að fyrirmælum konungsbréfsins verði fylgt framvegis, þannig, að prestsekkja í Valþjófsstaðar brauði fyrst og fremst fái jörðina til ábúðar, og að brauðið, ef engin prestsekkja er í því, njóti ágóðans af jörðinni afdráttarlaust.

25. júní.

**29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rit Hjaltalíns jústizráðs um barnaveikina og taugaveikina.**

Í bréfi dagsettu 27. nóvembermán. f. á. hafði þér, herra amtmadur, skýrt frá, að þér eptir samkomulagi við Hjaltalín, jústizrád og landlækni, hafði hlutast til um, að stofnaðar verði

1867.

25. júní.

heilbrigðisnefndir í öllum kirkjusóknum í norður- og austurumdæminu og látíð prenta á kostnað amtsjafnaðarsjóðsins 1000 exemplör af ritgjörð, er landlæknirinn hefir samið um barnaveikina og taugaveikina, til útbýtingar gefins meðal amtsbúanna. Og hafíð þér beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til, að kostnaðurinn til prentunar ritgjörðar þessarar, 61 rd. 80 sk. að upphæð, hefir verið greiddur úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að stjórnarráðið eptir málavöxtum fellst á borgun fjár þessa.

### Fylgiskjal.

Bréf amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu til allra prófastanna um stofnun heilbrigðisnefnda.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu heilsufari manna hér í norður- og austurumdæminu í ýmsu tilliti er miður borgið, en vera skyldi og ákjósandi væri; læknafæðin er mikil eptir mannfjöldanum, en hérað víðlend og vegir ógreiðir yfirferðar og á vetrardag óptsinnis næsta torsóktir sökum snjóþyngsla; loptslag er kalt og yfrið breytingasamt, en þó bætir ekki um, að óþrifnaður á heimilum manna sumstaðar kveikir og elur veikindi; og þegar sótnæmir sjúkdómar gjósa upp, eru óþarfar og varúðarlauser samgöngur manna ekki lengi að flytja veikindin bæ frá bæ, sveit úr sveit og sýslu úr sýslu.

Mér hefir nú hugkvæmzt, að nokkra bót mætti ráða á þessum vandkvæðum með því, að stofnuð yrði, að eg svo kalli, heilbrigðisnefnd í hverri kirkjusókn, þannig, að í henni væri hlutadeigandi sóknarprestur og tveir sóknarmenn, er hann til þess kysi; skyldi ætlunarverk nefndarinnar vera það, að hafa vakandi auga á heilbrigðisástandi manna yfir höfuð, og með tilliti til þessa bréflaga standa í stöðugu sambandi við hlutadeigandi lækni, en aðstoda nauðstadda, sem ekki gæti bjargað sjálfum sér, til þess að ná læknishjálp og lækni meðölum, ef á lægi, á kostnað sveitarsjóðsins; stuðla til hreinlætis og þrifn-

1867.  
25. júní.

aðar í bæjarhúsum, og að menn sèr í lagi kappkostuðu að hafa gott lopt í baðstofum sínum; svo skyldi og nefndin í sóttneæmum veikindum leitast við að sporna við óþarfa samgöngum manna á milli.

Eg má geta þess, að lík tilhögun, og hær er um rædd, á sèr stað hjá bræðrum vorum í Noregi, og hefir hún komið þar að góðum notum.

Vegna þeirra orsaka, er að framan eru tilgreindar, leyfi eg mér hærmed þenustusamlega að skora á yður, velæruverðugi herra prófastur, að gangast fyrir því með ráði og dáð, að heilbrigðisnefndir með því fyrirkomulagi og ætlunarverki, er eg hefi stungið uppá, verði hið bráðasta stofnaðar í öllum kirkjusóknum prófastsdæmis yðar, og vona eg, að þær við hentugleika gjörð svo vel að láta mig vita, hvað ágengt verður í þessu efni.

Eg hefi ráðgast um þetta málefni við jústizråd, landlækni Hjaltalín og hefi eg látið prenta ritling eptir hann um helztu sjúkdóma, sem gengið hafa á seinni tímum og mest hafa verið mannskæðir; fylgja hærmed 150 exemplör af tæðum ritlingi, er eg þenustusamlega bið yður sjálfan að útbýta og að láta prentana útbýta meðal almennings í prófastsdæmi yðar.

Akureyri 27. nóvembermán. 1866.

29. júní.

**30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um einkaleyfi til að búa til áburð úr slori og öðrum úrgangi úr fiski.**

Með bræfi utanríkisstjórnarinnar 11. febrúarmán. þ. á. barst oss bænarskrá frá Fortin og du Breil Marquis de Roys frá Parisarborg; sækja þeir þar um, að sèr verði veitt einkaleyfi um 10 ár til þess að búa til á Íslandi áburð úr fiskslori og öðrum úrgangi úr fiski, og að þeir um jafnlangt tímabil verði undanþegnir öllum sköttum og gjöldum. Nú er vèr með bræfi utanríkisstjórnarinnar 4. f. m. höfum fengið ítarlegri skýrslur um beiðendurna og efnahag þeirra, og eptir að skrifazt hefir